



# Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
1 Inngangur .....	3
2 Niðurstöður og ábendingar .....	4
3 Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1 Fjárheimildir .....	5
3.2 Rekstraráætlun.....	5
3.3 Niðurstaða.....	5
4 Innra eftirlit.....	6
4.1 Inngangur .....	6
4.2 Umfjöllun .....	6
4.3 Niðurstaða.....	6
5 Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1 Lög og reglugerðir .....	7
5.1.1 Ferðakostnaður .....	7
5.1.2 Risna.....	7
5.1.3 Opinber innkaup .....	7
5.1.4 Innkaupakort.....	7
5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti .....	7
5.1.6 Styrkir .....	7
5.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	7
5.2 Niðurstaða.....	7
6 Endurskoðun efnahagsliða .....	8
6.1 Eignir .....	8
6.1.1 Ríkissjóður.....	8
6.1.2 Handbært fé.....	8
6.2 Eigið fé og skuldir .....	8
6.2.1 Höfuðstóll.....	8
6.2.2 Fyrirframgreitt.....	8
6.2.3 Aðrar skammtíma skuldir.....	8
6.3 Niðurstaða.....	8
7 Önnur atriði .....	9
7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda .....	9
7.2 Lögfræðibréf .....	9
7.3 Óhæðisyfirlýsing.....	9
7.4 Umfang endurskoðunar .....	9

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, fjárlagaliður 14-407, fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn, er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Stofnunin veitti greinargóðar upplýsingar um öll þau atriði er spurt var um.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Litið er á endurskoðun hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem nýtt verkefni þar sem ársreikningur stofnunarinnar var síðast tekinn til skoðunar vegna ársins 2012.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 nam 34,5 m.kr. og urðu það endanlegar fjárheimildir á árinu. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 37,3 m.kr. og varð því 2,8 m.kr. tekjuhalli á árinu 2016 eða 8,1% umfram fjárheimildir ársins samanborið við 1,6 m.kr. tekjuafgang árið áður. Rekstrargjöld umfram sértekjur hækkuðu milli ára um 6,3 m.kr. eða 20,5%. Helstu breytingar á milli ára voru 3,4 m.kr. hækkun á tekjum og 8,0 m.kr. hækkun launagjalda. Fjárheimildir hækkuðu einnig frá fyrra ári eða um 1,9 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-23.400	-23.400	-31.234	7.834	-27.874
Launagjöld	36.400	36.400	47.176	-10.776	39.137
Önnur rekstrargjöld	20.800	20.800	20.973	-173	19.521
Eignakaup	700	700	375	325	172
<b>Samtals</b>	<b>34.500</b>	<b>34.500</b>	<b>37.290</b>	<b>-2.790</b>	<b>30.956</b>

Sértekjur voru 7,8 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og launagjöld voru 10,8 m.kr. umfram fjárheimildir.

Tekjuhalli ársins var hærri en uppsafnaður tekjuafgangur fyrri ára sem var 0,7 m.kr. í byrjun árs. Uppsafnaður tekjuafgangur var því neikvæður um 2,1 m.kr. í árslok 2016 sem er um 3,2% af heildartekjum þ.e. sértekjum og fjárheimild.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og að reglulega sé fylgst með því hvort tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun. Rekstraráætlun fyrir Stofnun Vilhjálms Stefánssonar árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og var gert ráð fyrir 0,7 m.kr. tekjuafgangi. Frávik frá rekstraráætlun var því 3,6 m.kr. Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns skýrist frávik að hluta af hliðrun á tekjum á milli ára eða um 1,5 m.kr.

### 3.3 Niðurstaða

Tekjuhalli ársins 2016 nam 2,8 m.kr., og var 3,6 m.kr. umfram rekstraráætlun stofnunarinnar. Uppsöfnuð ráðstöfun Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar umfram fjárveitingar nam 2,1 m.kr. í árslok 2016.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi. Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir fjárhagsbókhald og launavinnslu.

Umsjón og ábyrgð á bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð. Forstöðumaður áritar reikninga á stofnunina til greiðslu og skrifstofustjóri í fjarveru hans. Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn.

### 4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Lög og reglugerðir

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi.

#### 5.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Reikningarnir uppfylltu almenn formskilyrði og tilefni risnu kemur fram.

#### 5.1.3 Opinber innkaup

Stofnunin er aðili að rammasamningum ríkisins og nýtir þá þegar það á við. Vörukaup eru takmörkuð og ráða verð, gæði og umhverfismál mestu um innkaupin.

#### 5.1.4 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort aðallega til greiðslu flugfargjalda.

#### 5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

#### 5.1.6 Styrkir

Stofnunin veitti enga almenna styrki samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 2016

#### 5.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking færslna reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færirst reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

## 6 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar 22,1 m.kr., skuldir voru 24,2 m.kr. og þar af voru fyrirframgreiðslur vegna fenginna styrkja 23,7 m.kr. Höfuðstóll var neikvæður um 2,1 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	21.720.454	682.774	21.037.680
Skammtímakröfur	1.542	150.084	-148.542
Handbært fé	369.465	181.888	187.577
Eignir alls	22.091.461	1.014.746	-21.076.715
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-2.057.024	732.643	-2.789.667
Fyrirframgreitt	23.743.553	0	23.743.553
Aðrar skammtímaskuldir	404.932	282.103	122.829
Eigið fé og skuldir alls	22.091.461	1.014.746	21.076.715

### 6.1 Eignir

#### 6.1.1 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði nam 21,7 m.kr. í árslok 2016 og hækkaði um 21,0 m.kr. frá fyrra ári. Hækkun inneignar hjá ríkissjóði stafar af fyrirfram innborguðum styrkjum.

#### 6.1.2 Handbært fé

Handbært fé felst í innstæðu á bankareikningi. Samræmi var á milli stöðu bókhalds og staðfestra bankayfirlita.

### 6.2 Eigið fé og skuldir

#### 6.2.1 Höfuðstóll

Í lok ársins 2016 sýndi höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaða ráðstöfun umfram fjárheimild að fjárhæð 2,1 m.kr. Höfuðstóll lækkaði um 2,8 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuhalla ársins.

#### 6.2.2 Fyrirframgreitt

Fyrirframgreiðsla í árslok 2016 samanstendur af 22,0 m.kr. vegna verkefna sem stofnunin hefur tekið að sér og eru kostuð af erlendum aðilum og 1,7 m.kr. styrk frá Rannís.

#### 6.2.3 Aðrar skammtíma skuldir

Allir reikningar sem skráðir voru ógreiddir í árslok voru greiddir í upphafi árs 2017.

### 6.3 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun efnahagsliða.



## 7 Önnur atriði

### 7.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstöðumanni þann 5. apríl 2017

### 7.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi stofnunarinnar og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, m.a. því sem fram kom í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina. Þess vegna var ekki óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi.

### 7.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda, sem sáu um endurskoðun hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar voru undirritaðar.

### 7.4 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstöðumanni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)